

Umsögn Hverfisráðs Háaleitis og Bústaða vegna úttektar Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á þjónustumiðstöðvum og hverfisráðum. Lögð fram á fundi ráðsins 19. desember 2016

Hverfisráðið fagnar mikilvægri úttekt á hlutverki þjónustumiðstöðva og hverfisráða enda er ráðsmönnum ljóst, og hefur verið lengi, að ráðin í borginni eru of valdlítill og hlutverk þeirra of óljós. Hlutverk hverfisráða og þjónustumiðstöðva er helst til mikið samtvinnuð í skýrslunni en tengsl þeirra óljós og því hæpið að hverfisráðið álykti um hlutverk þjónustumiðstöðva enda ekki hægt að búast við að ráðsmenn þekki hlutverk þeirra í þaula utan umsýslu framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna þjónustumiðstöðva gagnvart hverfisráðunum:

Þegar skoðuð er starfsemi hverfisráða og þjónustumiðstöðva kemur í ljós að lítil tenging virðist vera þar á milli, fyrir utan umsýslu framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðva gagnvart þeim. Viðfangsefni hverfisráða virðast að litlu leyti snerta starfsemi þjónustumiðstöðva og almennt kom fram í viðhorfsskönnuninni að hverfisráð hefðu litlu hlutverki að gegna gagnvart þjónustumiðstöðvunum.

Hverfisráðið tekur undir með niðurstöðu skýrslunnar að ráðið hafi óskýrt hlutverk, er valdlítið (ekki valdlaust) og of lítið áberandi (þó ekki ósýnilegt). Einnig nái hverfisráðið ekki því markmiði að vera nægilega öflugur þáttakandi í stefnumörkun hverfisins. Frá upphafi kjörtímabilsins hafa ráðsmenn talið það mikilvægt að fundin verði leið til að efla hverfisráðin, að þau verði mikilvægur samráðsvettvangur og verkfæri í hverfamiðstöðu íbúalýðræði.

Hvað varðar valkost I er hann sumpart ágætur en miðar helst til mikið við að hverfisráðin fari einfaldlega af velferðarsviði á umhverfis- og samgöngusvið, af því flest málin nú heyra undir málaflokk USK. Hinsvegar er það ekki endilega rétta leiðin, því hverfisráðin eiga að geta tekið á og fjalla um mál sem heyra undir öll svið borgarinnar, þó svo að ýmiskonar skipulagsmál séu mest áberandi í þeirri stöðu sem ráðin eru núna. Að öðru leyti má taka undir áherslur í valkosti I - sem þó gengur ekki nógu langt.

Valkostur II gengur lengra í tillögum til stjórnsýslubreytinga og valdeflingu hverfisráða og þjónustumiðstöðva. Valkosturinn leggur til borgarhlutamiðstöðvar með breiðara hlutverk en núverandi þjónustumiðstöðvar og borgarhlutaráð¹ hafi virkari tengsl við íbúa og íbúar hafi meiri tök á stefnumótun síns hverfis gegnum borgarhlutaráðið. Undir þessa tillögu tekur hverfisráð Háaleitis og Bústaða, þó svo ekki sé ljóst í valkosti II hvernig samskiptum borgarhlutaráðs og borgarhlutamiðstöðvar eigi að vera háttað og hvernig útfærslur yrðu. Mögulega væri æskilegra að hverfisráðin myndu heyra undir nýtt fjölskyldusvið eða jafnvel skrifstofu borgarstjóra og að lögð væri sérstök áhersla á lýðræðishlutverk ráðanna, sem er afar takmarkað eins og staðan er núna

Óbreytt ástand er ekki valkostur fyrir stjórnvöld í borginni, hverfisráðin sjálf né borgarbúa. Hverfisráðið telur skýrsluna mikilvæga en um leið teljum við mikilvægt að unnið sé áfram með þessa úttekt og það tækifæri sem gefst í framhaldinu að nýta hana til stefnumótandi ákvarðana varðandi breytingar á skipulagi, umfangi og tilgangi þjónustumiðstöðva.

¹ sem mætti kalla **hverfamiðstöðvar og hverfaráð** (ekki hverfisráð eins og nú er) , þar sem mörg hverfi myndu heyra undir slíkar miðstöðvar og ráð. Auk þess eru þessi heiti mun þjálli en borgarhlutamiðstöðvar og borgarhlutaráð